

| | |
|------------------------------------|--|
| <i>Titill:</i> | Notendahópur um verðvísitölur |
| <i>Fundarstaður og -tími:</i> | 6. fundur, haldinn 30. nóvember 2007 á Hagstofu Íslands |
| <i>Fulltrúar Hagstofu Íslands:</i> | Hallgrímur Snorrason, Rósmundur Guðnason, Guðrún R. Jónsdóttir, Heiðrún Guðmundsdóttir, Lára G. Jónasdóttir. |
| <i>Aðrir fundarmenn:</i> | <i>Notendahópur um vísitölu neysluverðs:</i> Marinó Melsted og Björn R. Björnsson Fjármálaráðuneyti, Þórarinn G. Pétursson Seðlabanka, Ólafur Ísleifsson Háskólanum í Reykjavík, Benedikt Valsson Icebanka, Emil B. Karlsson Viðskiptaháskólanum á Bifröst. <i>Ráðgjafarnefnd um vísitölu neysluverðs:</i> Guðlaugur Stefánsson SA. |

Fyrir fundinum lá eftirfarandi dagskrá:

1. Vísitala framleiðsluverðs – kynning.
2. Breyting á tíma verðuppsöfnunar í janúar 2008 – framkvæmd.
3. Önnur mál.
Fundur Ottawa hópsins í október 2007.
Rafræn gögn frá dagvöruverslunum.
Næstu fundir.

Hallgrímur Snorrason bauð fundarmenn velkomna. Ekki voru gerðar athugasemdir við boðaða dagskrá fundarins.

1. Vísitala framleiðsluverðs. Heiðrún kynnti og fór yfir uppbyggingu og aðferðir í vísitölu framleiðsluverðs. Vísitalan er nú reiknuð mánaðarlega og notuð rafræn gögn frá fyrirtækjum í úrtakinu við útreikning á Fisherafbúrðavísitölu, bæði á efra og neðra lagi vísitölnnar.
2. Breytingar á tímasetningu verðupptöku í janúar 2008. Guðrún fór yfir minnisblað um breytingarnar sem gefið var út 12. nóvember og sent var út með fundarboði. Hún áréttaði að vísitala janúar sem miðar við verð í miðjum mánuði verður hin opinbera vísitala janúarmánaðar, vísitalan sem gefin verður út 14. janúar verður bráðabirgðavísitala, fyrst og fremst reiknuð til að fá verðtryggingarvísitölu fyrir febrúar. Rætt var um hvernig reikna beri meðaltal ársfjórðunga og 12 mánaðabreytingar vísitölnnar á fyrsta ári eftir breytingar á tímaviðmiðun og var niðurstaðan að Hagstofan mun ekki breyta eða umreikna eldri gögn. Við útreikning á húsnæðislið vísitölnnar hyggst Hagstofan breyta viðmiðunartíma gagna sem notuð eru við útreikning á verðbreytingum á húsnæði utan höfuðborgarsvæðis þannig að frá og með vísitöluútreikningi í miðjum janúar 2008 verður sami viðmiðunartími á öllum gögnum, næstliðnir þrjú mánuðir. Fundarmenn lýstu yfir ánægju með þessa breytingu.
3. Önnur mál:
 - Frásögn af fundi Ottawahópsins um neysluverðsvísitölur í Ottawa í október. Rósmundur sagði frá fundinum þar sem m.a.voru til umfjöllunar aðferðir við útreikning eigin húsnæðis og fasteignavísitalna.

- Rafræn gögn. Stuttlega var greint frá viðræðum Hagstofu við fulltrúa dagvörukeðja um aðgang Hagstofunnar að rafrænum gögnum úr kassakerfum verslana. Þau má nota við val á vörum í vísitöluna, útreikning voga og síðar við útreikning á samhverfri vísitölu fyrir dagvöruliðinn.
- Nýleg umfjöllun um vísitölumælingar og verðbólgaþéttun. Hallgrímur lagði fram yfirlit um breytingar vísitölu neysluverðs síðustu 12 mánuði, skipt eftir eðli og uppruna auk þess sem bætt hafði verið við ársbreytingum á fastskattagrunni. Hann undirstrikaði að þótt markmið Seðlabankans sé vísitalan í heild þá skoði bankinn fjölda undirliggjandi mælikvarða við stjórn peningamála. Í umræðunum fór fulltrúi Seðlabankans þess á leit við Hagstofu að hún reiknaði kjarnavísitölu 3, sem yrði kjarnavísitala 2 án áhrifa af breytingum vaxta á húsnæðisliðinn.
Næstu fundir. Fyrirhugaðir eru tveir fundir árið 2008, fimmtudaginn 5. júní og föstudaginn 7. nóvember. Stungið var upp á að vaxtahluti húsnæðislíkans yrði á dagskrá næsta fundar.

Fylgiskjöl:

1. Vísitala framleiðsluverðs, glærुकyning frá fundinum.
2. Breytingar á vísitölunni nóvember 2006 til nóvember 2007, excelskjál.